


LANGEYRARVEGUR 9 HAFNARFIRÐI



BURÐARVIRKI

1. FORSÍÐA OG SKÝRINGAR
2. GRUNNMYNDIR HÆÐAR OG RISS, GÓLF
Á MILLI OG SPERRUR - MKV. 1:50
3. GRIND ÚTVEGGJA - MKV. 1:50
4. SPERRUR - MKV. 1:50
5. SNIÐ OG SÉRMYNDIR - MKV. 1:20

1. Almennt:

Hús þetta er innflutt frá Kanada. Grind er öll úr heflluðum viði en uppgæfnar stærðir í útreikningi framleiðanda eru miðaðar við óheflaðan við. Húsið hefur verið burðarþolsreiknað að nýju. Samsetning á grindarsperrum er gerð með gaddaplötum af þeirri stærð og gerð sem fram kemur í útreikningum. Á topp grindarsperra X1 og X2 er negldur 16 mm krossviður með 1 1/4" nöglum c/c 50 eins og sýnt er á sperruteikningu og í útreikningsgögnum framleiðanda. Þak er þannig uppbyggt að undir járnklæðningu á þaki og þakdúk er 16 mm krossviður sem negldur er á langbönd með 90/40 ks c/c 300. Langbönd eru 40x90 c/c 700 mest og eru skrúfuð niður í sperru með 2 stk 50/90 ks í hverja sperru. Aðalsperrur eru festar á dregara úr 40x90 með 90x90x2,5 x40 vinklum sitt hvoru megin á sperru. Negling í sperru er með 4 stk 40/40 ks og skrúfað í veggleggju með 2 stk skrúfum 60/70. Sperrur kvista eru festar á sama hátt á hliðarveggi kvista nema að þar er vinkill bara öðru megin á sperruenda. Hliðarveggir kvista eru festir niður með samskonar vinklum, skrúfum og nöglum, einnig öðru megin á hverja uppistöðu að ofan og neðan. Dregarinn sem aðalsperrur hvíla á er skrúfaður á burðarbita gólfs með 2 stk 50/90 í hvern bita. Sperrum yfir stiga hefur verið breytt frá útreikningi þannig að þar er sett ein sperra 50x225 og er hún skrúfuð á efsta hluta grindarsperra og neðri hluti hennar fjarlægður í staðinn (til að fá meiri loft hæð í stiga). Skrúfur 60/90 c/c 300


Burðarbitar gólfs eru l-bitar úr tré. Miðjan er 16 mm krossviður og flansar ofan og neðan 40x40 viður. Gólfbitar eru festir niður með 2 stk. skrúfum 50/130. Hæð gólfbita er alls 245 mm. Í kringum stígaop í gólfi er krossviður 40x245. Þar sem hliðarveggir kvista hvíla á gólfi eru þrír samliggjandi bitar í gólfi.

Uppistöður í útveggjum eru 40x140 c/c 405 minnst, og eru 2 stk. veggleggjur af stærðinni 40x140 skrúfaðar niður í þá með 2 stk. 50/90. Fótband er 40x140 og er boltað niður í steypu með múrboltum 12x150 c/c 700. Uppistöður, veggleggjur og fótstykki í hliðarveggjum kvista eru 40x140. Bil milli uppistaða er c/c 405. Veggleggjur eru tvöfaldir í þessum veggjum eins og öðrum. Yfir öllum opum í útvegg er láréttur battingur úr tré 40x230 að utan og innan. Útveggir eru klæddir að utan með 9 mm krossvið og austurveggur er að auki klæddur 9 mm útigífsi. Negling í krossvið er 40/40 ks c/c 300 og skrúfur í gífs eru 39/35 c/c 300.

Innveggir, aðrir en hliðarveggir kvista, eru úr 40x90 c/c 405 með tvöfaldrum veggleggju efst og fótbandi neðst úr sama efni. Veggleggja er negld í uppistöður með 2x60 saumi og skrúfuð upp í gólfbita með 2 stk 50/90 skrúfum. Yfir hurð milli stofu og borðstofu er biti úr krossviði 2x40x240.

Skyggni yfir inngangi og svalir eru ekki á þessu stigi hluti af þessu verki.

Hæðartölur eru í m. öll önnur mál eru í mm. c/c tákna miðju í miðju.

K: 25,00 m Tákna kóti 25,00 m á sniði.
 K=25,00 Tákna kóta 25,00 m á grunnmynd.

2. ÁLAGSTILHÖGUN:

Álagstilhögun er í samræmi við íslenskan staðal IST-12

Notálag = 150 kg/m²
 Snjóálag á þak = 100 kg/m², að teknu tilliti til þakhalla.
 Vindálag = 159 kg/m²

3. TRÉVIRKI

Timburgæði
 Límtré: Skal allt vera L40, líming I.

Burðarvirki hússins er stimplað samkvæmt reglum Canadian Wood Council og er það votlað af Rannsóknarstofnun Byggingariðnaðarins. Annað timbur skal vera úr flokki K18 skv IST/DS 413, nema annað sé tekið fram.


Allt efni sé beint, húspurtt og laust við stóra kvisti og aðra galla.


Fúavörð: Burðarviðir sem liggja að steypu eða verða fyrir veðrun skal fúaverja. Þar sem viðir leggjast að steypu skal setja asfaltþappa á milli eða sambærilegt.



Þak klæðist með 16 mm krossvið sem neglist með 40/40 ks c/c 300 í hverja sperru. Ekki má skeyta klæðningu annarsstaðar en á sperru. Útloftun á þaki er samkvæmt sérteikningum.

Festingar: Stálgæði ST 37 skv. DIN 17100
 Allar festingar, boltar, skifur og naglar skulu heitgalvaniseruð.
 N-táknar "venjulega" nagla.
 Ks-táknar kamsaum.

Naglastærð a/b táknar nagla með þvermál a mm og lengdina b mm.
 Undir alla boltaræ sem herðast að tré komi skifur með kantlengd 3xd og þykkt 0,3xd (d er þvermál boltans).



Byggingafráttíð Hafnarjarðar
 Afgreitt þann
 11 AUG. 2000


	Nr.	Dags.	Breyting.	Af.	Nr.	Dags.	Breyting.	Af.	Undirritun		SÍÐUMÚLA 1, 108 REYKJAVÍK Sími: 533 3900, Fax: 533 3901 http://www.skima.is/hannarr/ - hannarr@skima.is Kf: 670696-1599	REIKN: SIG. ING.	VERK: LANGEYRARVEGUR 9 - HAFNARFIRÐI	BLAD: 1
												DAGS: 25.05.2000		
												NR: B 104		